

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 7. maí 1962.

Nr. 46/1962. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs**  
(Tómas Jónsson hrl.)

gegn

**Oliufélaginu h/f** (Vilhjálmur Jónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Endurheimt ofgreidds útsvars.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz 1962 og krafizt sýknu og málskostnaðar af stefnda í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, greiði stefnda, Oliufélaginu h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. febrúar 1962.**

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hefur Oliufélagið h.f., Reykjavík, höfðað á hendur borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 25. nóvember 1961, til endurgreiðslu á ofgreiddu útsvari, að fjárhæð kr. 354.900.00 ásamt 10% ársvöxtum frá 1. janúar 1961 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan málflutning breytti stefnandi kröfu sinni þannig, að hann krafðist 8% ársvaxta.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður úr hendi hans, en til vara að málskostnaður verði felldur niður.

Málsatvik eru þessi:

Á árinu 1960 var lagt tekjuútsvar á stefnanda í Reykjavík, að upphæð kr. 2.018.025.00, en frá þeirri upphæð voru síðan dregin 7.7%.

Tekjuútsvarið var þannig álagt:

Nettó ágóði samkvæmt uppgjöri 31/12 '59 ...	kr. 7.469.790.26
+ Tekjuviðbót samkvæmt úrskurði skattstjóra —	40.000.00

---

Kr. 7.509.790.26

÷ Álagt útsvar í Reykjavík 1959 .....	kr. 2.408.000.00
---------------------------------------	------------------

---

Kr. 5.101.790.26

Tekju-útsvar .....	kr. 1.523.025.00
Tekju-útsvar v/afskrifta m/t Hamrafells .....	— 495.000.00

---

Tekju-útsvar alls .... kr. 2.018.025.00

Við þessa upphæð var síðan bætt veltuútsvari, að upphæð kr. 1.228.975.00, en heildarútsvarið, kr. 3.247.000.00, lækkað um kr. 250.000.00, eða 7.7%, þannig álagt útsvar varð kr. 2.997.000.00.

Stefnandi greiðir tekjuútsvar aðeins í Reykjavík.

Samkvæmt framanrituðu var útsvar stefnanda í Reykjavík álagt árið 1959 dregið frá nettó-tekjum, þegar tekjur til útsvars voru ákveðnar. Auk þess kveðst stefnandi hafa greitt útsvör, álögð á árinu 1959, í öðrum sveitarfélögum en Reykjavík að fullu fyrir 1. maí 1960, samtals að fjárhæð kr. 1.281.520.00. Ef útsvör, álögð annars staðar en í Reykjavík og greidd voru að fullu fyrir 1. maí 1960, hefðu verið dregin frá nettó-tekjum

ársins 1959, áður en tekjur til útsvars voru ákveðnar, hefði álagt útsvar verið kr. 354.900.00 lægra en það varð, og er stefnu-fjárhæðin þannig fundin.

Stefnandi kærði útsvar sitt til niðurjöfnunarnefndar, yfirskatta-nefndar og ríkisskattaneftndar, en úrskurðir þessara aðilja voru allir á þá leið, að útsvar stefnanda skyldi óbreytt standa. Stefnandi greiddi útsvarið að fullu fyrir 31. desember 1960, en gerði fyrirvara um endurheimtu.

Stefnandi styður endurheimtucröfu sína þeim rökum, að með c-lið 3. gr. laga nr. 43/1960 hafi verið lögákvæðið, að útsvör síðastliðins árs skuli dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd sveitarsjóði að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun, en samkvæmt ákvæði til bráðabirgða sömu laga, B-lið, var nægilegt, að útsvörin hafi verið greidd að fullu fyrir 1. maí 1960, sem álögd voru árið 1959, til þess að draga bæri þau frá hreinum tekjum til útsvars fyrir árið 1960. Telur stefnandi, að eftir þessu lagaákvæði hafi borið skylda til að draga öll útsvör ársins 1959 og greidd voru fyrir 1. maí 1960 frá hreinum tekjum, áður en útsvar ársins 1960 var lagt á, og að einu skipti, hvort þau voru greidd til bæjarsjóðs Reykjavíkur eða annarra sveitarsjóða. Bendir hann í því sambandi á, að talað sé um „útsvör“. Hins vegar hafi útsvör sín, greidd öðrum sveitarsjóðum en Reykjavík fyrir 1. maí 1960, álögd árið 1959, samtals að upphæð kr. 1.281.520.00, ekki verið dregin frá tekjum ársins 1960, áður en útsvar þess árs var lagt á, og að útsvar sitt hafi því orðið kr. 354.900.00 hærra en það átti að vera, ef farið hefði verið að lögum. Í öðru lagi telur stefnandi, að skattþegnum væri mismunað, ef sérregla ætti að gilda um þá aðilja, sem greiða útsvör á fleiri stöðum en einum, og þeir fengju ekki nema hluta af útsvörum sínum dreginn frá við tekjuútsvarsálagningu, gagnstætt því, sem er um þá aðilja, er greiða aðeins útsvar í einu sveitarfélagi.

Sýknucröfu sína styður stefndi þeim rökum, að með ákvæði c-lið 3. gr. laga nr. 43 frá 1960 sé aðeins átt við greidd útsvör þar í sveit, sem frádrátturinn er gerður, sbr. orðalagið í B-bráðabirgða ákvæði laganna, þar sem talað er um „greidd sveitarsjóði“. Telur hann, að annað væri óeðlilegt, eins og álagningu veltuútsvarsins er hagað, enda hvergi að því vikið, að greiðsla útsvara í einu sveitarfélagi eigi að hafa áhrif til hækkunar eða lækkunar í öðru. Þá telur stefndi, að álagning útsvarsins á stefnanda geti ekki talizt ósanngjörn, og því beri ekki að

breyta henni.

Dómarinn telur, að með c-lið 3. gr. laga nr. 43 frá 1960 sé sett sú regla, að öll útsvör eins aðilja, greidd fyrir tilskilinn tíma að fullu, beri að draga frá tekjum, áður en tekjuútsvar er álagt. Bar stefnda því að draga útsvör stefnanda, álögð 1959 og greidd öðrum sveitarfélögum en Reykjavík að fullu fyrir 1. maí 1960, frá hreinum tekjum stefnanda, áður en tekju-útsvar hans árið 1960 var álagt.

Þá telur dómarinn, að með lögum nr. 43 frá 1960 hafi verið settar fastar reglur um álagningu útsvara, og að eftir þeim reglum beri að fara, en ekki komi til álita, hvort álagt útsvar megi teljast sanngjarnt eða ekki.

Samkvæmt þessu telur dómarinn, að taka beri kröfur stefnanda til greina, þó þannig, að vextir reiknist 7% p. a., enda er ekki ágreiningur með aðiljum um fjárhæð þá, sem stefnt er vegna.

Einnig ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 23.900.00.

Grétar Haraldsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs Reykjavíkur, greiði stefnanda, Olíufélaginu h.f., kr. 354.900.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1961 til greiðsludags og kr. 23.900.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---